

## Selfyssingar Fótolti.net meistarar



Ljósmynd: Hafliði Breiðfjörð.

Selfoss sigraði KFA 3-1 í framlengdum úrslitaleik Fótolti.net-bikarsins á Laugar-dalsvelli á föstudagskvöld. Gríðarleg stemning myndaðist

á vellinum og Selfyssingar fjölmenntu á leikinn til þess að styðja sína menn.

KFA komust yfir á 54. mínútu og höfðu öll völd á vell-

inum fram á u.þ.b. 70. mínútu. Þá vöknudu Selfyssingar til lífsins og jöfnuðu leikinn skömmu seinna. Eftir jöfnunarmarkið fengu Selfyssingar betri færi til

að klára leikinn í venjulegum leiktíma en Danny El-Hage, markvörður KFA, varði vel. Í framlengingu skoruðu Selfyssingar tvö skallamörk en varnar-

leikur KFA manna í mörkunum var frekar slakur.

Leikurinn endaði því með 3-1 sigri Selfyssinga og fór bikarinn yfir brúna.

## Sunnlendingar í Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Sunnudaginn 29. september voru haldnir tónleikar í Eldborgarsal Hörpu á vegum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Meðal hljóðfæraleikara voru sex fyrrverandi og núverandi nemendur Tónlistarskóla Árnesinga. Þær eru 15-17 ára og hafa allar lært á fiðlu í Suzuki-námi frá 3-4 ára aldri. Þær hafa haldið hópinn allt frá upphafi tónlistarnámsins og komust allar

að hjá Ungsveitinni eftir strangt prufuspil. Þær hafa verið á stífum æfingum að æfa 9. Sinfóníu Dvorák síðan síðasta vetur. Þetta eru þær Guðrún Birna Kjartansdóttir, Sólrún Njarðardóttir, Huguína Birna Hjaltadóttir, Bryndís Hekla Sigurðardóttir, Eyrún Huld Ingvarsdóttir, sem einnig var konsertmeistari, og Aðalheiður Sif Guðjónsdóttir.



11

Riftur samningur leiddi til flutninga til Balí

### Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

**PIPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

### Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

**Arvirinn**

Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160  
www.arvirinn.is





## FÉLAGSVIST

Spilað verður á mánudagskvöldum kl. 19:30 og hefst 7. október að Eyravegi 15, 2 hæð, Selfossi. Þátttökugjald 1.000 kr.

Framsóknarfélag Árnassýslu

Lögmansstofa Ólafs Björnssonar hafa á sölu lítið trésmíðafyrirtæki, G-hamar ehf. kt. 420393-3509, sem stofnað var árið 1993 sem alhliða byggingafyrirtæki. Fyrirtækið á m.a. trésmíðavélar og tækjakost til að smíða glugga, hurðir og fleira, en hefur m.a einnig framleitt líkkistur undanfarin ár.

Verðhugmynd fyrir rekstur, vélar og tæki er **5.000.000 kr.**

### Vélakostur fyrirtækisins er:

Scm yfirfræsari, Scm borðfræsari m/tölvu, Scm fræsari og borðsög, Scm fjórhefill, sogkerfi, loftpressa, verkfæri, tennur og pússvél.

Frekari upplýsingar veita:

Ólafur Björnsson (oli@olafur.is) eða Kristófer Ari (kristo@olafur.is).



## Ólgandi sköpun á Oceanus/Hafsjó á Eyrarbakka

Listagyðjan svífur yfir Eyrarbakka í september þar sem 20 listamenn frá ýmsum heimshornum hafa unnið að sköpun sinni síðastliðnar tvær vikur. Af raksturinn má sjá á listahátíðinni Oceanus/Hafsjór - Hafrót sem hefst um helgina og verða sýningar víðsvegar um bæinn.

### Velviljinn í þorpinu er ómetanlegur

Ásta Guðmundsdóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, flutti á Eyrarbakka fyrir 8 árum, keypti gamalt hús og gerði það upp. Ásta er lærður fatahönnuður og fékk fljótlega þá hugmynd að halda listahátíð í þorpinu. Hún hafði tekið þátt í slíkum hátíðum víðsvegar um heim og langaði að gefa til baka það sem hún hafði fengið að upplifa. Hún segir Eyrarbakka búa yfir einstökum töfrum og fólkið í þorpinu hafi lagt hátíðinni lið. Ýmsir hafi hlaupið undir bagga, lánað húsnæði, útbúið mat og aðstoðað á einn eða annan máta. Slíkur velvilji sé ómetanlegur.

### Hafrót tákna styrk og tengsl

Ásta segir nafn hátíðarinnar sótt í grísku goðsagnirnar. Oceanus, afkomandi himins og jarðar, sé persónugervingur náttúruafla sem flæða um heiminn og sameini hann. Hafrótið vísi til öldu-

hreyfinga á hafi og tákni þann styrk og tengsl sem listahátíðin Oceanus/Hafsjór stendur fyrir.

### Mikilvægt að vikka sjóndeildarhring samfélagsins

Þátttakendur hátíðarinnar eru 20 alþjóðlegir listamenn frá Slóvakíu, Póllandi, Þýskalandi, Maurítíus, Frakklandi, Japan, Suður-Kóreu Mexíkó, Ítalíu, Kanada og Íslandi. Þeir sækja sér innblástur í umhverfið á staðnum og eiga skapandi samskipti við íbúa á staðnum.

„Markmið hátíðarinnar er að efla menningarstarfsemi og listsköpun á svæðinu og vekja áhuga á menningu og sögu Eyrarbakka, sem hefur ríka menningararfleifð. Auk þess er mikilvægt að vikka sjóndeildarhring samfélagsins með því að bjóða erlendum listamönnum að taka þátt og koma með sína sýn á umhverfi okkar. Þannig verður Eyrarbakki í brennidepli með iðandi listalífi, þar sem íbúar og gestir geta upplifað og jafnvel tekið þátt í hátíðinni,“ segir Ásta.

### Veitir mikinn innblástur að vinna með krökkunum

Leikskóla- og grunnskólabörn á Eyrarbakka og Stokkseyri hafa að undanfögnu sótt vinnustofur með listafólkinu þar sem sköpunargleðin fær lausan tauminn.

Ásta segir það veita mikinn innblástur að vinna með krökkunum. Þau séu svo hugmyndarík og laus við allar hömlur. Þannig styrkist líka tengslin við nærsamfélagið enn frekar. Listafólkið hitti líka ungt fólk á listnámsbraut í FSU meðan þau voru hér og eru í samstarfi við skólann.

Opnunarhátíð var laugardaginn 28. september

### Opunartímar sýningar:

Laugardagur 5. október kl.

13:00-18:00

Sunnudagur 6. október kl.

13:00-18:00

**Listamenn:** Auðunn Kvaran, Auður Hildur Hákonardóttir, Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir, Becky Fortsythe, Bragi Hilmarsson, Christine Gísla, Dario Massarotto, Genevieve Bonieux, Hekla Dögg Jónsdóttir, Gio Ju, Hera Fjord, Yuliana Palacios, Jörg Paul Janka, Manou Soobhany, Margrét Norðdahl, Piotr Zamjosi, Soffía Sæmundsdóttir, Tei Kobayashi, Teitur Björgvinsson og Xenia Imrova.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni [www.oceanus-hafsjor.com](http://www.oceanus-hafsjor.com), á Instagram undir [oceanus\\_hafsjor](https://www.instagram.com/oceanus_hafsjor) eða á Facebook-síðunni Hafsjór – Oceanus. Netfang: [asta@astaclothes.is](mailto:asta@astaclothes.is).



**LÍFLAND** SELFOSSI Austurvegi 69 Sími 540 1165

**FRAMKVEMINDA DAGAR** 3.-9. OKTÓBER

**20% afsláttur** af völdum vörum

**Fjöldi rekstrarvara fyrir útihúsin á tilboði**

## KÓTILETTUKVÖLD

Laugardagskvöldið **5. október** nk. verðum við með kótiletukvöld í sal Framsóknar að Eyrarvegi 15.

Borðhald hefst kl. **18.00**  
Verð: **4.500 kr.** [enginn posi]

Valgeir Ómar formaður félagsins verður með ræðustúf

Skráning fer fram í síma 822-3345

Framsókn í Árborg







## Ölverk Bjórhátíð um helgina

Dagana 4. og 5. október fer hin árlega Ölverk Bjórhátíð fram í alvöru gróðurhúsi í Hveragerði.

Að minnsta kosti 30 framleiðendur verða á svæðinu að bjóða upp á smakk, bæði íslenskir og erlendir. Listinn er ekki tæmandi: Könglar (Hallormsstaður), Hovdenak Distillery (Reykjavík), Smiðjan brugghús (Vík), Mývatn öl (Mývatn), Malbygg brugghús (Reykjavík), Mjólkursamsalan (Selfoss/Reykjavík), Litla brugghúsið (Garður), Víking brugghús (Akureyri), Ölverk brugghús (Hveragerði), Gæðingur brugghús (Kópavogur), Ægir brugghús (Reykjavík), Grugg & Makk (Reykjavík), Borg brugghús (Reykjavík), Álfur brugghús (Reykjavík), Ólafsson gin (Reykjavík), Kjörís (Hveragerði), RVK Brewing

Company (Reykjavík), The Brothers Brewery (Vestmannaeyjar), Agla gosgerð (Reykjavík), Session (Reykjavík), Brennivín (Reykjavík), Ölvisholt brugghús (Hafnarfirði), Öldur Meadery (Hella), Fágún (Ísland), Bjórsetur Íslands (Hólar í Hjaltadal), Lervig Brewery (Norway), Dokkan Brugghús (Ísafirði), Galdur Brugghús (Hólmavík), Foss Distillery (Kópavogur), Bruggsmiðjan Kaldi (Árskógssandi), Oslo brewing (Norway).

Frábær dagskrá verður báða dagana en á föstudeginum mæta Úlfur Úlfur og DJ Danni Deluxe. Á laugardeginum skemmtir Páll Óskar og FM Belfast lokar kvöldinu.

20 ára aldurstakmark er á hátíðina og fer miðasala fram á tix.is.



## Orlofshús Bárunnar stéttarfélags um jól og áramót 2024

Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins laus til umsókna fyrir jól og áramót, vikurnar:

20. desember 2024 – 27. desember 2024  
27. desember 2024 – 3. janúar 2024.

Umsóknarfrestur verður frá 2. október kl. 10:00 til 23. október kl. 10:00 nk.

Hægt verður að sækja um á Orlofssíðu Bárunnar, einnig verður hægt að fá aðstoð við umsóknarferlið á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56, 800.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 25. október nk.

Öllum umsóknum verður svarað.

Leigutímabil er frá föstudegi til föstudags. Íbúðirnar Sóltnúni 28, og Borgartúni 24 í Rvk. verða í sveigjanlegri leigu.

Báran, stéttarfélag

Austurvegi 56, 800 Selfoss - sími 480 5000  
baran@baran.is – https://www.baran.is

## VERKEFNASTJÓRI



BRENNUR ÞÚ FYRIR NÝSKÖPUN OG FRUMKVÖÐLA?  
ÞÁ ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR!

Háskólafélag Suðurlands óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra til starfa.

Um nýtt og spennandi verkefni er að ræða sem hefur það að markmiði að auka nýsköpun og uppbyggingu frumkvöðlaumhverfis á Suðurlandi. Ráðið er í starfið til tveggja ára með möguleika á framlengingu.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón og uppbygging Hreiðursins; frumkvöðlasetra á Suðurlandi
- Samskipti við frumkvöðla, bakhjarla, mentora og aðra hagaðila
- Sókn í nýsköpunar- og þróunarsjóði fyrir stuðningsumhverfi frumkvöðla og nýsköpunar á Suðurlandi
- Samstarf við önnur frumkvöðlasetun og stoðkerfi nýsköpunar og frumkvöðlaumhverfis
- Stuðningur við frumkvöðla og fyrirtæki í nýsköpun
- Hugmynda- og verkefnaþróun einstaklinga og fyrirtækja í samvinnu við FabLab
- Almenn verkefna- og viðburðastjórn
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnu með frumkvöðlum og atvinnuuppbyggingu og/eða nýsköpun
- Þekking og/eða reynsla af markaðsmálum og samfélagsmiðlum
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Skipulagshæfni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvufærni – kunnátta í Wordpress kostur
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku. Önnur tungumál kostur.
- Glaðlyndi, jákvæðni og dugnaður

Félagið er einkahlutafélag í eigu 14 sveitarfélaga á Suðurlandi auk Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga/SASS og nær það því allt frá Selvogi í vestri austur í Lón. Háskólafélagið er helsti samstarfsaðili háskóla, sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana, almennings og ríkisins á sviði menntamála og nýsköpunar á Suðurlandi. Háskólafélagið hefur frumkvæði að því að auka búsætugæði á Suðurlandi með því að færa menntun, rannsóknir og nýsköpun nær Sunnlendingum, í samstarfi við samfélagið.



Umsóknarfrestur er til og með 9. október 2024

Sótt er um starfið á [www.mognum.is](http://www.mognum.is)  
Nánari upplýsingar veitir  
Sigríður Ólafsdóttir | [sigga@mognum.is](mailto:sigga@mognum.is)

Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsókna og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda.



## Jólahlaðborð í sveitakyrrið

Einstök upplifun á aðventunni í hlýlegu umhverfi.

Jólaöldverður 14.500 kr.

**TILBOÐ Á MAT OG GISTINGU**

21.900 kr. á mann í 2ja manna herbergi

26.700 kr. fyrir eins manns herbergi

Innifalið er jólaöldverður ásamt morgunverðarhlaðborði.

29. og 30. nóvember

6. og 7. desember

13. og 14. desember

Nánari upplýsingar og borðapantanir á [info@eldhestar.is](mailto:info@eldhestar.is)







## Var nauðsynlegt að leggja álag á útsvar skattgreiðenda í Svf. Árborg?

Hvað mig varðar er stutta svarið nei.

Allt frá því að byrjað var að ræða í bæjarstjórn Árborgar að leggja álag á útsvar hef ég verið því andsnúinn á eftirfarandi forsendum:

1. Hlutverk sveitarfélags á, í mínum huga, að vera skjól fyrir íbúana og halda álögum í lágmarki eftir fremsta megni. Það á ekki að bæta á fjárhagsleg vandræði fólks þegar illa árár í þjóðfélaginu. Sveitarfélagið á hins vegar að reyna að nýta góðæris-tíma til að bæta hags þess með því að rétta af hallarekstur og greiða niður skuldir.

2. Í jafn slæmu efnahagsástandi og raun hefur verið á síðan í lok covid-19, þ.s. verðbólga fór yfir 10% og stýrivextir í tæp 10% (og eru þar enn) var og er í mínum huga útilokað að auka enn frekar á fjárhagslegar byrðar íbúanna og þá sérstaklega þá hópa sem eru í viðkvæmri stöðu eins og ungt barnafólk, einstæða foreldra, ellilífeyrisþega og öryrkja.

3. Fjárhagsvandi sveitarfélagsins var fyrst og fremst lausafjársandi vegna hárra vaxta og verðbólgu en ekki það að sveitarfélagið væri gjaldþrota því það á eignir langt umfram skuldir.

4. Þrátt fyrir slæma stöðu bæjarsjóðs þá hefði verið hægt að nýta sér bráðabirgðaheimild í sveitarstjórnarlögum sem sett var á í covid-19 og framlengd til ársloka 2025 sem kvað á um að sveitarfélög væru undanþegin skilyrði um að vera undir 150% í skuldahlutfalli. Það var m.a. gert vegna þess að 1/3 sveitarfélaga í landinu voru yfir þessu

hlutfalli vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eftir covid-19.

Af ofangreindum ástæðum hefði ég því talið að það hefði átt að leggja ofuráherslu á að nýta sér það svigrúm að fullu, sem lögin buðu upp á, út árið 2025 að ná skuldahlutfallinu niður fyrir 150% sem hefði verið vel raunhæft þ.s. skuldahlutfallið var þó ekki hærra en tæp 165% fyrir A-hluta árið 2022. Samhliða því hefði átt að fara í samningaviðræður við ríkið og Lánasjóð Íslenskra sveitarfélaga um einhvers konar langtímaáætlun til að rétta af fjárhag sveitarfélagsins og koma honum í sjálfbæran farveg til framtíðar. Að leggja álag á útsvar hefði átt að vera algjört neðarúrræði, allra síðasta útspilið en ekki eitt það fyrsta.

### Að mála sig út í horn

Nú veit ég ekki hvað fór á milli meirihluta D-listans og fulltrúa ríkisins þegar þessi gjörningur var ákveðinn, því ekki voru fulltrúar minnihlutans viðstaddir neinar samningaviðræður, en að fulltrúar eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaganna hafi gert þetta að tillögu sinni er eitt en að meirihluti bæjarstjórnar skyldi samþykka að fara þessa leið er annað.

Skýringin á því gæti verið sú að bæjarfulltrúar D-listans voru kannski búnir að mála sig út í horn af þeirri einföldu ástæðu að í upphafi kjörtímabilsins voru þeir svo uppteknir af því að reyna að kenna fyrir meirihluta um slæma stöðu bæjarsjóðs að þeir lýstu því margoft yfir í fjölmiðlum að sveitarfélagið væri gjaldþrota. Sú orðræða náði

Sigurjón Vídalín Guðmundsson

Bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Svf. Árborg.



svo hámarki þegar blásið var til íbúafundar með tilheyrandi fjölmiðlaumfjöllun til að koma enn betur til skila meintu gjaldþroti sveitarfélagsins. Það sem þessir ágætu bæjarfulltrúar virðast hins vegar ekki hafa gert sér grein fyrir er að með þessari orðræðu eyðilögðu þeir líklega algjörlega samningsstöðu sína gagnvart fjármálamarkaðinum, því hver vill semja við gjaldþrota félag?

Ég get ekki varist þeirri hugsun að ef kjósendur hefðu gert sér grein fyrir því að þegar frambjóðendur D-listans sögðust ætla að „bjarga“ fjárhag sveitarfélagsins er ég ekki viss um að jafn margir hefðu kosið listann og raun bar vitni ef það hefði fylgt sögunni að björgunin yrði aðallega fólgin í því að vera með tvo bæjarstjóra á fullum launum, segja upp lægst launaða starfsfólkinu og leggja auka-skatt á alla skattgreiðendur í tvö ár, flokkurinn sem aldrei hækkar skatta að eigin sögn.

### Burt með álagið

Í komandi fjárhagsáætlunarmálinu fyrir 2025 mun ég því halda áfram að berjast fyrir því að þetta aukaálag verði fellt út og vona ég sannarlega að það muni takast því þessi aukna skattheimta kemur sér mjög illa við marga og er að mínu mati afar erfitt að réttlæta.

## Ákall íbúa í Grænumörk 1 á Selfossi

Við íbúar í Félagslegum leiguíbúðum Árborgar fyrir 67 ára og eldri að Grænumörk 1 á Selfossi viljum með þessu opna bréfi til sveitarfélagsins fara fram á að húsnæðið verði fært í mannsæmandi horf. Við höfum í gegnum árin verið í þrotlausri baráttu fyrir ýmsum úrbótum en upplifum að umkvartanir okkar séu ekki virtar viðlits. Húsnæðið sem við búum í er engan veginn viðunandi og Árborg er það fullljóst.

Svo nokkur atriði séu tilgreind þá er hitaveitan mjög óstöðug. Rennslí inn í þessar átta íbúðir er misjafnt og það bankar reglulega í sumum ofnum og margir ofnar eru kaldir. Verst er þó að ekki er hægt að treysta á hitastillingar á baðvatni. Það er nokkuð sem ætti ekki að líðast í íbúðum þar sem einhverjir íbúar hafa skerta getu og öryggismál ættu alltaf að vera í topplagi. Vandræðin með heitavatsrennslíð gerir það einnig að verkum að íbúar eiga erfitt með að setta sig við það fyrirkomulag sem ríkir um greiðslu á hitaveitu. Íbúðirnar hafa ekki sér mæli heldur er hitaveitureikningur fyrir allt húsið sameiginlegur og notkun áætluð milli íbúða óháð eiginlegri notkun hvers og eins íbúa. Inni í þeirri tölu er líka hluti af hitareikningi fyrir sameign.

Annad stórt atriði er frárennslí frá húsinu sem er ekki í lagi. Minnst einn brunnur er ónýtur svo stíflur í vaski eða klósetti eru viðloðandi vandamál. Stundum stendur gusan upp úr eldhúsvaski í einni íbúðinni og þá er brugðist við og stíflubjónusta kemur en vandinn er samt óleystur.

Þak hússins lak í mörg ár svo pollar voru á gólfum í sam-

eign. Nú hefur sem betur fer verið ráðist í þær lagfæringar sem er hróssins vert nema hvað að eftir viðgerð gaus upp megn og viðvarandi fúkkalykt sem er óásættanlegt. Ekki hafa verið gerð nein myglupróf í húsinu þrátt fyrir erindi okkar um slíkt. Loftræsting hússins hefur ekki verið þrífín í mörg ár og var ekki gert í kjölfarið á viðgerðum á þaki sem hefði þó þótt eðlilegt. Sú var tíðin að það var húsvörður á vegum Árborgar en langt er síðan sú staða hvarf.

Nokkrar úrbætur hafa verið gerðar á húsnæðinu undanfarin ár en það er stoppað í miðjum læk með þær framkvæmdir. Baðherbergi eru í sumum íbúðum enn algjörlega óviðunandi. Við getum vel séð að sparnaður hjá sveitarfélaginu og undirmonnum sé þáttur í þessu en útskýrir samt engan veginn langvarandi viðhaldsleysi á húsnæðinu til margra ára.

Það er lögð rík áhersla á að eldri borgarar búi sem allra lengst heima og þiggi þjónustu til að geta búið eitt. Það er þess vegna enn brýnna en ella að aðstæður á heimilum fólksins séu viðunandi og öruggar. Þann 12. júlí fengum við fund með bæjarstjóranum sem okkar lokaúrræði en það breytti engu. Erindum okkar er yfirleitt vel tekið en úrbætur koma ekki. Við virðumst ekki hafa rödd. Höfum við minni rétt en aðrir vegna þess að við búum í félagslegum íbúðum?

Okkar helsta ósk með þessu bréfi er að Árborg breyti stefnu sinni og geri úrbætur á húsinu og bæti samskipti sín og upplýsingaflæði til íbúa.

Guðný, Birna, Sigurjóna Ásdís og Jóhanna



## Þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju

Það er orðið að árlegum viðburði að haldin er þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju í Flóahreppi. Að þessu sinni verður hún haldin sunnudaginn 6. október kl. 14.00. Eftir messu verður messukaffi, Pálínuboð, í Félagsheimilinu Þjórsárverri. Þau sem mæta eru

beðin um að koma með veitingar með sér á kaffiborðið. Í boði verður kaffi, te og djús. Þeir einstaklingar sem eiga þjóðbúninga eru hvattir til að mæta í þeim til messu, en allir eru velkomnir þó að þeir eigi ekki þjóðbúning.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvín Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Blaðamaður: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheidar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



## Gáta vikunnar

Vísingátur-höf: Páll Jónsson  
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Líður hann um loftin blá,  
við línu festur sjónum á,  
í gömlum smiðjum hafður hann,  
háðsyrði um ístrumann.

Svar við gátu í blaði 2771: **RENDUR**

- Skjaldrarendur
- Sorgarrendur - 4. (r)endur





**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

## Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í birtingar.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Í tilefni áttæðisafmælis míns þann 6. október næstkomandi langar mig að bjóða vinum og vandamönnum að koma og fagna með mér. Ég verð með opið hús laugardaginn 5. október milli kl. 17-20 í sal eldri borgara að Austurvegi 51 og mun bjóða upp á léttar veitingar í föstu og fljótandi formi. Vonast til að sjá sem flesta 🍷

Það eina sem ég vil í afmælisgjöf er að þið komið með góða skapið 🍷

Kveðja, Bjössi

## Afmælis- afsláttur

- \* 20-50% afsláttur af umgjörðum
- \* Par 2 af glerjum á 50% afslætti

Tilboðið gildir frá 1. okt - 12. okt

Gleraugna Gallerí  
Eyrauvegi 7 Selfossi  
S:482-1144



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, bróðir og tengdasonur,

**EIRÍKUR RÚNAR EIRÍKSSON**  
húsasmíðameistari,  
Friggjarbrunni 6  
Reykjavík



lést af slysförum þriðjudaginn 17. september. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 4. október klukkan 11. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreiðning dætra Eiríks, reiðningur 0702-15-007710, kt. 050273-5719. Fyrir hönd aðstandenda,

**Helga Helena Sturlaugsdóttir**  
**Guðrún Eva Eiríksdóttir Axel Elí Axelsson**  
**Birna María Eiríksdóttir og Moli**



Innilegar þakkir færur við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÖNNU GUÐBERGSDÓTTUR,**  
Forsæti IV,



sem lést þann 4. september. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og heimahjúkrunar fyrir alúðlega, kærleiksrika og góða umönnun í veikindum Önnu.

**Kristján Gestsson**  
**Gestur Þór Kristjánsson** **Guðbjörg Heimisdóttir**  
**Magnþóra Kristjánsdóttir** **Björn Þór Gunnarsson**  
**Anna Kristín Kristjánsdóttir** **Karl Valur Guðmundsson**  
**Hulda Kristjánsdóttir** **Andri Þór Erlingsson**  
**Guðbergur Kristjánsson** **Karen Hrund Heimisdóttir**  
barnabörn og barnabarnabarn

## AUGLÝSINGAR UMSKIPULAGSMÁL

Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga:

- Sandártunga; Skilgreining efnistökusvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2401008**  
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum 4. september 2024 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Sandártungu í Þjórsárdal. Efni úr námunni verður einkum nýtt í fyrirhugaða færslu á hluta Þjórsárdalsvegar. Bæði er þörf á efni í veginn og einnig grjót í grjótvörn utan á hann. Hluti efnis verður nýttur í nýjan Búðaveg og eftir atvikum í aðrar framkvæmdir í sveitarfélaginu. Heimilað verður að taka allt að 200.000 m<sup>3</sup> af efni á u.þ.b. 4 ha svæði.
- Þjórsárbraut 2, Stórholt; Landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting - 2401034**  
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum 2. júlí 2024 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Þjórsárbrautar 2 í landi Stórhólts. Samkvæmt núverandi staðfestu aðalskipulagi Flóahrepps er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Er það ósk landeigenda að aðal- og deiliskipulagi svæðisins verði breytt þannig að hluti lóðarinnar Þjórsárbraut 2 (3,21 ha), verði ætlað undir verslun- og þjónustu. Innan reitsins verði heimilt að reisa um 350 fm þjónustuhús þar sem jafnframt er heimilt að hafa 4 - 5 gistirými fyrir samtals um 20 gesti og um 30 - 40 gestahús til útleigu, sem eru um 30 fm hvert fyrir samtals um 60 - 80 gesti. Enn fremur er heimilt að reisa um 200 fm íbúðarhús/starfsmannahús og um 200 fm aukahús, s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu. Athugasemdir bárust við breytinguna innan umsagnar Skipulagsstofnunar við málið og fylgir hún því tillögunni í auglýsingu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](http://www.utu.is) og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [skipulagsgatt.is/](http://skipulagsgatt.is/). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) og [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)

Mál 1-2 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 3. október 2024 með athugasemdafresti til og með 15. nóvember 2024.

Athugasemdam og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](mailto:skipulag@utu.is). Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [skipulagsgatt.is/](http://skipulagsgatt.is/).

Vígfus Þór Hróbjartsson,  
skipulagsfulltrúi UTU



# Framúrskarandi árangur Selfyssinga í knattspyrnu

Meistaraflokkur Selfoss karla í knattspyrnu endaði sumarið á mjög farsælan hátt. Þeir sigruðu 2. deild með miklum yfirburðum og unnu Fótolti.net-bikarinn. Þeir spila því í Lengjudeildinni á næsta tímabili og eru með háleit markmið þar.

Guðjón Bjarni Hálfánarson formaður knattspyrnudeildar, Bjarni Jóhannsson þjálfari, Gunnar Borgþórsson yfirþjálfari yngri flokka og Alexander Clive leikmaður Selfoss ræddu árangurinn og markmið komandi tímabils.

## Bjuggust ekki við svona góðum árangri

Í samtali við þá voru væntingar tímabilsins mismunandi. „Þegar við erum að fara inn í tímabilið þá erum við að gera rosalegar breytingar á leikmannahópnum þannig að það var alveg krefjandi verkefni og hópurinn er náttúrulega mjög ungur. Við erum með 22 uppaldaleikmenn sem eru að koma inn í meistaraflokkshópinn núna af 27 og erum að spila yfir 60 prósent af þeim í hverjum einasta byrjunarleik. Margir þeirra voru að stíga sín fyrstu skref að taka ábyrgð í meistaraflokknum þannig að við vorum aðeins stressaðir yfir því hvort að menn myndu geta tekist á við verkefnið hvernig sem það væri. Til þess að ná þessum árangri þarftu að vera með stöðugleika í 22 umferðum og það var kannski það sem við höfðum mestar áhyggjur af, hvort að hópurinn væri í rauninni klár til þess að takast á við verkefnið í 22 umferðir. Við vissum alveg að getustigið væri til staðar og að leikmennirnir hefðu það sem þeir þurfa til þess að ná þessum árangri en svo er það bara annað þegar þú ert kominn inn í deildina,“ segir Guðjón.

Bjarni Jóhannsson talar um að hann hafi ekki búist við svona góðum árangri í byrjun tímabils. „Ekki kannski í upphafi þegar ég kom síðastliðið haust. Við byrjuðum svolítið á grunn og bjuggum til mjög gott þjálfarateymi í kringum liðið og sáum fljótlega að þetta var ungt og efnilegt lið og þess vegna var þetta kannski ekki það sem maður átti von á. Það voru ótrúlegar framfarir hjá mörgum ungum leikmönnum og mjög vönduð vinnubrögð í styrkingum á liðinu. Ég verð að viðurkenna það að maður átti kannski ekki von á þessu, ekki á þessum tímamarki, en þegar við áttum gott start í mótnu þá sá maður að þetta var möguleiki.“

Guðjón talaði líka um hversu gott þjálfarateymið er. „Við fórum í það að



Guðjón Bjarni Hálfánarson, Bjarni Jóhannsson og Alexander Clive Vokes. Mynd: Dagskráin/Elín Hrönn.

ná í öflugt þjálfarateymi sem eru Bjarni Jó, sem er búinn að vinna allt sem hægt er að vinna, Heiðar Helguson sem er einn farsælasti atvinnumaður Íslands og landsliðsmaður og svo Inga Rafn sem er leikjahæsti leikmaður Selfoss og þekkir alveg hvað það er að spila undir merkjum félagsins og pressunni sem því fylgir.“

## Unnu deildina með yfirburðum

Strákarnir unnu 2. deildina með töluverðum yfirburðum og héldu forystunni allar 22 umferðirnar og tryggðu sigurinn þegar þrjár umferðir voru eftir. Alexander Clive, leikmaður Selfoss, bjóst ekki við þessum góða árangri. „Í rauninni bjóst ég ekki við því að þetta yrði átta stiga forskot og bara eiginlega auðvelt, bara algjör draumur,“ segir hann. Guðjón talar um að leikmenn fæddir 2003 og 2005 séu vanir sigrum. „2005 árgangurinn varð bikarmeistari í 3. flokki og komst í úrslitaleik í 2. flokki í bikarnum. Þannig að þeir hafa verið að vinna sín mót í yngri flokkum og svo er 2003 árgangurinn, þeir unnu til dæmis ReyCup og voru í öðru sæti á Íslandsmótnu, töpuðu þar á markamun í 4. flokki.“

Bjarni telur að tilkoma styrktarþjálfara hafi spilað stóran þátt í velgengni liðsins. „Það reyndist mjög farsæl ákvörðun að fá til liðs við okkur Rúnar Hjálmarsson. Persónulega hef ég alltaf verið mjög hrifinn af frjálslíróttarþjálfurum sem styrktarþjálfara fyrir knattspyrnumenn og hann setti fram ótrúlega metnaðarfullt prógram sem að þessir ungu leikmenn voru svo sannarlega til í að taka þátt í. Þegar maður lítur til baka er þetta ein af ástæðunum fyrir því að þetta tókst svona vel og við eigum Rúnari að þakka fyrir það og vonandi verður hann áfram í þessum hópi næsta ár.“

## Tilfinningin að sigra mjög góð

Aðspurðir að því hvernig tilfinningin sé að eiga svona farsælt tímabil segja allir hana vera mjög góða. „Bara geggjuð, algjör draumur,“ segir Alexander. „Hún er mjög góð og ég hef nú unnið ýmislegt í gegnum tíðina og ég segi að tilfinningin er alltaf jafn geggjuð og líka hvernig andrúmsloftið var í kringum þetta. Ég held að mjög margir addáendur og margir í bæjarfélaginu hafi ekki átt von á þessu en svo kom þetta bara í fangið á okkur,“

tekur Bjarni fram. Guðjón segir það hafa verið stórkostlegt í alla staði og ótrúlega gaman að fylgjast með samheldninni og liðsandanum í liðinu. „Ef það hafa komið upp einhver vandamál þá hafa menn bara leyst þau, það eru allir lausnamiðaðir, þeir eru allir að róa í sömu átt og það hefur verið ótrúlega mikil gleði sem fylgir hópnum.“ Hann segir meistaraflokksráð hafa á síðustu tveimur árum innleitt gildi félagsins sem eru fagmennska, virðing og gleði. „Þeir hafa heldur betur tekið þau gildi inn í hjartað og sinna öllu með þessi gildi að leiðarljósi og hafa verið núna mjög markvisst í því að sýna líka félagsmennina sem þeir eru. Þeir taka dóm-gæslurnar á mótunum með stakri þryði, eru búnir að vera að grilla hamborgara á bæjarhátíðum á Kótelettunni og á Sumar á Selfossi til þess að tengjast stuðningsmönnum betur og hafa verið að taka klefann hjá sér í gegn sjálfir. Þeir hafa verið að gera svo mikið til þess að lyfta félaginu. Viljinn er svo mikill að þeir sjálfir eru búnir að leggja línuna og það er rosalega stórt að vera að vinna með þannig leikmönnum sem eru tilbúnir að leggja hjarta og sál í að umhverfið verði gott.“



7. flokkur karla. Selfoss hélt vinamót á Selfoss velli árið 2011. Elfar Ísak Halldórsson, Sigurður B. Ásberg Flemmingsson, Tryggvi Sigurberg Traustason, Aron Einarsson, Karl Ágúst Einarsson, Einar Ísak Friðbertsson, Hlynur Héðinsson og Aron Fannar Birgisson. Í baksýn má sjá Gunnar Borgþórsson þjálfar liðsins. Mynd: UMFS.



6. flokkur karla frá Selfossi í Vestmannaeyjum árið 2013. Sigurfinnur Gardarsson og Tyrfinnur Guðmundsson fararstjórar ásamt Sigmari Karlssyni þjálfara. Aron Fannar Birgisson, Reynir Freyr Sveinsson, Gardar Örn Sigurfinnsson, Aron Darri Audunsson, Breki Hrafn Valdimarsson, Guðmundur Tyrfinngsson, Ísak Gústafsson og Jón Vignir Pétursson. Mynd: UMFS.



Það hefur vaxið með hverjum leiknum og það er búið að veita manni þessa ánægju að fylgjast með allan þennan tíma og ég held að þetta sé hvergi nærri búið, ég held að þeir muni bara halda áfram á þessari vegferð.“

### Stuðningsmenn tólfti maðurinn á vellinum

Guðjón segir stuðninginn frá áhorfendum hafa aukist með tímabilinu. „Það er rosalega mikill munur á áhorfendum og stuðningsmönnum. Það sem að hefur gerst eftir að fór að líða á tímabilið er að stuðningurinn fór að verða meiri, það var sambærilegur fjöldi af fólki sem mætti á völinn en fleiri áhorfendur urðu að stuðningsmönnum sem náði síðan algerum hápunkti á Laugardalsvelli þar sem stuðningurinn var algjörlega til fyrirmyndar. Við Selfyssingar höfum alveg sýnt það að þegar við þurfum á stuðningnum að halda þá mætir fólk og lætur í sér heyra og hvetur liðin sín áfram til árangurs. Stuðningsmennirnir eru tólfti maðurinn sem hjálpar mönnum á lokametrunum að koma þessu yfir línuna þannig að það er búið að vera stórkostlegt að fylgjast með því líka og ég er bara ekki í nokkrum vafa um að þessir stuðningsmenn munu láta sjá sig í Lengjudeildinni á næsta ári.“

Alexander tekur fram að stemningin frá áhorfendum hafi verið gegguð á Laugardalsvelli. „Það var gæsaþúðamo-

ment, að labba inn á völinn og heyra þjóðsönginn. Það voru fánlega margir sem mættu. Ég var ekki að búast við svona mörgum.“

### Árangurinn lyfti fótboltanum hærra á Selfossi

Guðjón telur að árangur liðsins muni hafa víðtæk og jákvæð áhrif á fótbolta á Selfossi, bæði á almennan áhuga hjá hinum almenna stuðningsmanni og á öll börn í sveitarfélaginu. „Maður sá það alveg á vellinum þegar við spiluðum á móti Hugin/Hetti í grenjandi rigningu og fengum svo bikarinn afhentan í lokaleikum á móti Ægi hvernig stuðningsmennirnir og iðkendurnir horfðu á fyrirmyndirnar sínar vera að vinna bikar. Síðan þegar við mætum á Laugardalsvöllinn þar sem þú ert með nánast 600 manns í stúkunni og sjáum gleðina í andlitum allra, barnanna og foreldranna, að horfa á leikmennina kljást í þessu verkefni og þegar ávinnurinn kemur, sem er bikarinn, hvað allir samglöddust og mikil gleði og hamingja í stúkunni. Þetta mun hafa mjög jákvæð áhrif og að öllum líkindum lyfta fótboltanum hærra.“

### Fótboltastarfið gott á Selfossi

Fótboltastarfið á Selfossi er nú þegar mjög gott. Iðkendur eru um 730 á aldrinum 3-19 ára ásamt meistaraflokki karla og kvenna. Þjálfarar yngri flokka eru

28 og eru flokkar í öllum árgöngum frá 2005-2020. Fjölmargir þjálfarar koma að þjálfun þessara leikmanna. Helst ber að nefna Tomasz Luba, Sigurð Reyni og Guðmund Sigmarsson sem hafa komið að þjálfun allra þessara leikmanna síðustu árin.

„Markviss vinna er lögð í það að allir njóti sín í starfinu, ekki bara þeir krakkar sem skara fram úr á vellinum eða ætla sér að ná langt heldur allir. Þeir sem vilja vera í markvissri hreyfingu, vera í fótbolta af félagslegum ástæðum ásamt því að vera með æfingar fyrir börn og unglinga með þroskaraskanir og svo má lengi telja,“ segir Gunnar Borgþórsson, yfirþjálfari yngri flokka.

„Knattspyrnudeildin er með knattspyrnuakademíu inni í stundaskrá krakanna sem eru í FSU. Flestir, ef ekki allir, á framhaldsskólaaldri sem eru í meistaraflokkum félagsins stunda æfingar við Akademiuna og fá því tvær aukaæfingar í hverri viku samhliða sínu námi á skólatíma. Þetta hjálpar klárlega við það að efla faglegt starf hjá deildinni og styður við framfarir leikmanna í yngri flokkastarfinu,“ segir Gunnar einnig.

### Baklandið lykillinn að velgengninni

Guðjón nefnir að það mikilvægasta í þessu öllu sé baklandið. Baklandið samanstendur af stjórn, meistaraflokksráði, sjálfboðaliðum og styrktaraðilum.

„Styrktaraðilarnir tryggja fjárhagslegan grundvöll undir starfseminu og án þeirra væri ekki hægt að reka meistaraflokkana. Hvað umgjörðina í kringum liðið varðar höfum við lagt ríka áherslu á að virkja meistaraflokksráðið sem samanstendur af sex aðilum. Það eru Njórður Steinars-son, Arilíus Marteinson, Sigurður Eyberg Guðlaugsson, Ingimar Helgi Finns-son, Tómas Þóroddsson og svo ég sjálfur. Þessir einstaklingar hafa í rauninni lagt meginþungann á það að halda umgjörð liðsins í lagi. Allt sem snýr að liðinu sjálfu, allt frá því að skipuleggja æfing-ferðir, flytja húsgögn milli íbúða, hópefli fyrir liðið eða hvað það er. Svo eru það sjálfboðaliðarnir sem eru mikilvægastir. Þeir tryggja það að heimaleikirnir fari fram, eru stuðningurinn við félagið og eru í raun hjartað í félaginu. Þessir aðilar eru algjörlega ómetanlegir í starfinu og þegar þetta allt kemur saman, stjórnin, meistaraflokksráðið og sjálfboðaliðarnir, og mynda þessa einingu þá skapast umhverfi fyrir þjálfara og leikmenn til þess að ná árangri. Baklandið þarf að vera í lagi til þess að árangurinn komi og það er það sem við erum hvað þakklátust fyrir núna í stjórninni, hversu öflugt starfið var í kringum meistaraflokkinn og það held ég að sé lyklatríði að þessum árangri.“

EHH

# Myndir frá úrslitaleik Fótbolta.net-bikarsins

Myndir: Hafliði Breiðfjörð







Ljósmynd: Guðmundur Karl



## Íslandsmeistarar 2. deild karla

# EFTIRFARANDI FYRIRTÆKI ÓS KNATTSPYRNU TIL HAMINGJU ME







Ljósmynd: Hafliði Breiðfjörð

*Sigurvegarar Fótolti.net bikarsins*

# KA MEISTARAFLOKKI KARLA Í Þ FRÁBÆARAN ÁRANGUR Í SUMAR

Car Rental **SELFLOSS**  
TEL. 482 4040
 KJÖTUBÚRIÐ
 LAUGARVATN **fontana**
**LINDEX**

**Set**  
Set ehf • Röraframleiðsla
 MÁLNINGAÞJÓNUSTAN  
Gagahúsi 27 - 900 Selfoss - 485 5555
 Íslandsbanki
 **ASELFOSS**  
Miðbær
 Tannlækna  
þjónustan.is

**AF TEIKN**
**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
 galleri **OZONE**  
ARANGUR Í SELFOSS
 **BORGARVERK**
**Arion**

**PYLSU VAGNINN**  
SELFOSSI
 **KÓTE LEITAN**  
DRUG & MUSIC FESTIVAL
 **JÓRVÍK**
 Pro-Ark  
Teiknistofa
 **RÖSTI**  
BURGER & BEER





ÖLFUS

## Auglýsing um skipulag

Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar af bæjarsjórn Ölfuss þann 26. september sl. Tillögurnar hafðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

### Nýtingarhlutfall lóða á iðnaðar og athafnasvæðum - Breyting á aðalskipulagi

Lögd er fram lýsing v. aðalskipulagsbreytingar um almenna skilmála er varða nýtingarhlutfall athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæða. Í flestum tilvikum er hag sveitarfélagsins betur borgið við að nýtingarhlutfall athafnasvæða sé sem hæst. Sum fyrirtæki þurfa mikið geymslurými innanhúss en lítið sem ekkert geymslurými utanhúss. Breytingin felur í sér að á flestum svæðum er hámarks nýtingarhlutfall hækkað svo svigrúm sé til aukinnar landnýtingar.

Skipulagslýsingin verður til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 25. október 2024. Einnig er hægt að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 25. október 2024.

### Akurgerði - Landnotkun breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði - óverul. br. aðalskipulags

Lögd er fram tillaga að óverulegri breytingu aðalskipulags við Akurgerði í Ölfusi. Breytingin felur í sér að landnotkun á svæðinu er breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði

### Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæði H3

#### - Landfylling

Lögd er fram breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis sunnan suðurvararbryggju. Breytingin felur í sér aðlögun lóða í samræmi við lóðaskrá HMS og mörkunar á legu vegar að suðurvararbryggju. Lega hafnargarðs breytist og stækkar um tæplega 1 ha. til suðurs í samræmi við breytingar á aðalskipulagi. Landhluti garðs skal vera hornréttur á strönd eins og kostur er til að draga úr áhrifum á haföldu.

Tillögurnar verða til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 8. nóvember 2024. Einnig er hægt að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 8. nóvember 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson  
Skrifstofu- og verkefnastjóri  
Umhverfis- og framkvæmdasvið

# Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

## Hannes og Haukur áfram á Selfossi



**H**annes Höskuldsson hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Umf. Selfoss um tvö ár.

Fyrirlidinn Hannes Höskuldsson er 25 ára vinstri hornamaður sem alinn er upp á parketinu á Selfossi. Hannes var fastamaður í Íslandsmeistaraliði Selfoss vorið 2019 og hefur leikið með meistaraflokki allar götur síðan.

„Það er frábært fyrir okkur og frábært fyrir meistaraflokk að hafa leiðtoga eins og Hannes með sér í liði,“ segir í tilkynningu frá Selfyssingum. *UMFS*

**H**aukur Páll Hallgrímsson hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Umf. Selfoss um tvö ár.

Haukur Páll er leikstjórnandi uppalinn á Selfossi. Hann steig sín allra fyrstu skref með meistaraflokki haustið 2017 og varð hluti af U-liði Selfoss sem stofnað var ári síðar. Síðustu ár hefur Haukur svo vaxið upp í að verða fastur póstur í meistaraflokki.

„Það er gleðiefni að þessi ungi en reyndi leikmaður velji að halda áfram á vegferð sinni með okkur,“ segir í tilkynningu frá Selfyssingum.



## Laugdælakonur hraðmótsmeistarar HSK í fjórða sinn

**H**raðmót HSK í blaki kvenna fór fram í íþróttahúsinu á Hvolsvelli í gær, mánudaginn 30. september. Mótið var nú haldið í 29. sinn, en það var fyrst haldið árið 1995.

Sjö lið frá Dímon/Heklu, Laugdælum, Hrunakonum og

Hvöt tóku þátt. Leikjafyrirkomulagið var þannig að allir léku við alla og hver leikur var 20 mín.

Laugdælur A unnu alla sína sex leiki og urðu hraðmótsmeistarar HSK í kvennaflokki í fjórða sinn, en þær unnu síðast

árið 2012. Dímon/Hekla B varð í öðru sæti með fimm sigra og hraðmótsmeistarar síðasta árs, lið Dímon/Hekla A varð í þriðja sæti með fjóra sigra. Hrunakonur urðu svo í fjórða sæti, Dímon/Hekla C í fimmta, Laugdælur B í sjötta og Hvöt í sjöunda sæti.



# Riftur samningur í Katar leiddi til flutninga til Balí

Hvergerðingurinn Guðbjörg Valdímarsdóttir er á hraðri leið upp í CrossFit-heiminum. Hún flutti til Doha í Katar í sumar með kærastanum sínum, Jóni Inga, til þess að geta einbeitt sér að greininni.

## Týpan til að flytja lengst í burtu í óvissu

Guðbjörg flutti til Katar fyrir tilstilli Sólveigar Sigurðardóttur, sem er með fremstu CrossFit-íðkendum á Íslandi. Þar áttu þær að sjá um líkamsræktarstöð saman. „Hún flutti út fyrir ári síðan og stuttu eftir að hún fór út þá heyrði hún í mér vegna þess að sú sem réð hana var að leita að einhverjum öðrum líka til að koma og vinna í þessari líkamsræktarstöð. Hún mælti með mér og datt í hug að ég væri týpan sem væri til í að fara og flytja eitthvert lengst í burtu í einhverja óvissu, sem var alveg rétt hjá henni. Þá endaði ég bara á að koma út,“ segir Guðbjörg í samtali við Dagskrána.

## Ekki allt eins og það átti að vera

Aðspurð að því hvað Guðbjörg sé að gera í Katar segist hún ekki vera að gera það sem hún átti að gera. Hún var ráðin í líkamsræktarstöð sem var ekki búin að opna þegar hún kom til Katar. „Þeir vildu fá mig aðeins fyrr til að koma mér fyrir og kynna fólk og byggja upp tengslanet herna áður. Þau voru alltaf að segja að þetta væri alveg að fara að opna. Sólveig var búin að vera herna í hálf ár í óvissu þannig að ég bjóst heldur ekkert við að þetta myndi opna strax þegar ég kæmi.“ Bæði hún og Sólveig voru á launum á meðan þær biðu eftir að líkamsræktarstöðin myndi opna. „Ég hafði svo sem ekkert á móti því. Það hentar mínum lífsstíl vel að geta æft mjög mikið og fókusað á það og verið að vinna lítið. Ég átti samt að vera að gera eitthvað. Ég vissi í rauninni ekkert út í hvað ég var að fara. Ég kem hingað út og held að ég sé að fara

að þjálfa einhvern einstakling á meðan verið er að opna stöðina en svo varð ekkert úr því strax. Ég fór aðeins að þjálfa yfirmanninn minn og svo slitu þau samningnum



mínunum upp úr þurru,“ tekur Guðbjörg fram.

## Þurfti að flytja út á innan við viku

Guðbjörg gerði þriggja mánaða samning við eigendur líkamsræktarstöðvarinnar sem átti upphaflega að vera gerður fyrir hana svo hún gæti séð hvernig allt gengi fyrir sig og hvort hún hefði áhuga á að halda áfram eftir að samningurinn liði. „Svo þegar við erum komin tvo og hálfan mánuð inn í þennan samning þá segja þau við mig að þau geti ekki borgað þriðja mánuðinn og þurfi að slíta samningnum af því að stöðin sé ekki að fara að opna á næstunni. Ég þurfi að flytja út á innan við viku.“ Guðbjörg var mjög ósatt þar sem hún hafði yfirgefið líf sitt á Íslandi til þess að sinna þessu. Hún sagði upp vinnunni sinni og leigði út íbúð Jóns Inga, kærasta síns. Áttu þau því engan samastað á Íslandi lengur. „Við gætum alltaf farið til mömmu og pabba, það er samt ekkert ósk-

andi, það var ekki planið,“ segir Guðbjörg.

Samstarfið við stöðina endaði illa. Þau slitu líka samningnum við Sólveigu og allt fór í háaloft. „Þau voru búin að lofa alls konar sem þau stóðu ekki við. Ég fékk þessa fyrstu tvo mánuði borgaða og það var bara geðveikt en síðan

var ég búin að gera skuldbindingar út september þannig ég var ekkert að fara að fara héðan. Ég var að fara til Egyptalands að keppa ásamt því að keppa hér í Doha. Ég gat því ekkert farið fyrr en í lok september,“ segir Guðbjörg.

Guðbjörgu og Jóni Inga líður mjög vel í Katar. „Við vorum alveg tilbúin að vera herna í allavega ár, kannski lengur. Það er sjúklega næs að búa herna og ég og Jón Ingi filum það mikið.“

## Búa í einu litlu herbergi

Áður en Guðbjörg og Jón Ingi þurftu að flytja út bjuggu þau í flottri fimm stjörnu íbúð sem eigendur líkamsræktarstöðvarinnar sköfðu þeim. Þegar samningnum var rift þurftu þau að flytja burt á innan við viku og fluttu til vinkonu Guðbjargar sem hún hafði kynnst í gegnum Sólveigu. „Hún er með gestaherbergi sem við búum í. Núna erum við með allt draslið okkar í einu litlu herbergi, tvö sitthvor rúmin, við erum ekki í sama rúmi. Við erum búin að búa í mánuð í ferðatösku. Allt dótíð okkar er í hrúgu,“ segir Guðbjörg.

## Flytja til Balí

Í kjölfarið af þessu öllu saman hafa þau og Sólveig og Dóri, kærasti hennar, ákveðið að flytja til Balí. Aðspurð að því af hverju þau ætli þangað segir Guðbjörg að hátt verðlag í Katar sé ein ástæðan. „Allt er svo geðveikt dýrt herna, dýrara en á Íslandi. Þetta er lúxusborg. Við hefðum lifað mjög vel á þeim launum sem ég var með þessa fyrstu tvo mánuði en við getum ekki lifað án þeirra launa hér.“

## Byrja þjálfun á netinu

Guðbjörg segir að þau vinirnir séu búin að skipuleggja nokkurn veginn hvað þau ætli að gera á

Balí. „Við erum búin að ákveða að vera öll fjögur saman í því að byrja netþjálfun. Það er betra að gera það á Balí af því að þar er allt margfalt ódýrara en í Katar þannig að við getum lifað mun ódýrara.“ Hún og Sólveig ætla að vera andlit þjálfunarinnar þó að strákarnir verði með þeim í þessu. „Planið okkar allavega til að byrja með er að keyra hópa af stað og við erum fyrst að hugsa um konur og karla á aldrinum 40+. Þetta er í rauninni ekki CrossFit prógram beinlínis. Þú getur verið með aðgang að hvaða líkamsræktarstöð sem er. Þetta er bara alhlíða betri heilsa, betra líf prógram.“ Þau ætla að byrja á því að vera með íslenskan kúnnahóp. Planið þeirra er að vera á Balí og einbeita sér að þessu allavega fram að jólum og sjá svo til með framhaldið. „Við komum heim í jólafrí og svo sjáum við hvert við förum, við förum hundrað prósent eitt-hvert. Þetta er allt mjög opið.“

## Hentar vel að geta æft í útlöndum

Aðspurð að því hvernig gangi í CrossFit segir Guðbjörg það ganga mjög vel. „Það hentar mér mjög vel að vera í útlöndum finnst mér. Heima á maður vini og fjölskyldu frá því maður fæddist, mismunandi vinahópa. Manni er alltaf boðið í skírnir og babyshower og hitt og þetta. Fyrir mig er rosalega erfitt að segja nei, ég geri það stundum en þá fæ ég samviskubít. Það virkar mjög vel fyrir mig að vera búin að taka mig úr þessum aðstæðum og geta ekki mætt. Ég get einbeitt mér mun meira að æfingunum.“

Guðbjörg keppti nýlega á CrossFit-móti í Egyptalandi þar sem hún bar sigur úr býtum. „Ég er búin að keppa á tveimur mótum eftir að ég kom hingað og búin að vinna þau bæði. Það var lókal lyftingamót sem var hér í Doha og síðan þetta í Egyptalandi, það var alþjóðlegt. Það var til dæmis ein grísk stelpa sem lenti í öðru sæti sem var mjög góð og mjög hörð samkeppni. Hún hefur alltaf endað hærri en ég á allavega síðustu tveimur CrossFit Cames tímabilum, þannig að það var geggjá að vinna hana. Þetta er fyrsta mótið mitt erlendis í CrossFit sem ég vinn.“

## Stefnir á CrossFit Games

Guðbjörg er mjög metnaðarfull í CrossFit og stefnir á CrossFit Games, sem er stærsta CrossFit-mót í heimi. „Það er búið að vera alveg stefnan síðustu tvö ár. Ég veit að þetta er mjög langt ferli og sérstaklega þar sem samkeppnin er orðin mjög hörð. Það eru margar mjög góðar á háu stigi. Núna er íþróttin orðin aðeins eldri þannig að fólk er búið að vera lengur í þessu. Fyrir ekki það löngu síðan þá voru allir frekar nýir og þetta var aðeins jafnari keppni.“

Guðbjörg er nær því með hverju árinu að komast á heimsleikana. „Það er semifinal sem er fyrsta keppnin sem er eins og Evrópukeppni og ég var tíu sætum frá því að komast inn á það í ár. Ég held að um leið og ég sé komin þangað þá séu heimsleikarnir komnir aðeins nær manni,“ segir hún að lokum. *EHI*



Guðbjörg með Sólveigu Sigurðardóttur.



Guðbjörg ásamt kærasta sínum, Jóni Inga.



# Af hverju þetta tímabundna álag á útsvarið?

**Bragi Bjarnason**

Bæjarstjóri og oddviti sjálfstæðisflokksins í Árborg



Umræða um fjárhagsstöðu Sveitarfélagsins Árborgar hefur verið áberandi á kjörtímabilinu og aukist mjög síðustu daga. Álagið sem hefur þurft að setja á útsvar íbúa Árborgar hefur verið kynnt og eðlilega er enginn ánægður með slíkan aukareikning. Það verður hins vegar ekki horft framhjá því að staða sveitarfélagsins var orðin grafalvarleg árið 2022, raunar miklu fyr. Á þetta bentum við sjálfstæðismenn í okkar málflutningi í aðdraganda kosninga, rétt eins og fyrrum bæjarfulltrúar okkar höfðu gert og varað við. Kjósendum var ljóst að við urðum að bregðast við stöðunni og okkur í D-listanum falið að leiða þá vegferð og ná tökum á vandanum. Skuldumvafið sveitarfélag getur ekki staðið undir þeirri þjónustu sem því ber að veita íbúum sínum í nútíð og framtíð.

## Skuldastaðan slæm

Í maí 2022 var stutt í að eftirlitsnefnd sveitarfélaga myndi taka yfir reksturinn. Á þessum tíma hafði verið ráðist í mörg verkefni sem kannski var ekki innistæða fyrir. Slíkt ýtti undir mikla skuldsetningu og á meðan var lítið horft í reksturinn, sem blés út og var orðinn verulega íþyngjandi. Þetta má lesa úr mynd 1. Skuldirnar tvöfölduðust á fjórum árum. Því er eðlilegt að spyrja hvernig þáverandi yfirvöld sveitarfélagsins hafi séð fyrir hvernig framhaldið yrði eða hvernig ætti að borga fyrir þetta allt.

Frá fyrsta degi hefur það verið stærsta verkefni nýrrar bæjarstjórnar og starfsmanna sveitarfélagsins að finna leiðir til að bæta rekstur sveitarfélagsins. Það hefur gengið mjög vel en á þeirri vegferð hefur þurft að taka margar erfiðar ákvarðanir.

Það er engum stjórnámálamanni skemmtun í því að þurfa að segja upp fólki en slíkt var nauðsynlegt og til þessa hefur stöðugildum sveitarfélagsins fækkað um tæplega eithundrað. Á sama tíma höfum við lækkað annan rekstrarkostnað. Fjárfestingum og viðhaldi hefur verið forgangsraðað og eignir seldar. Allt er þetta liður í því að draga sem mest úr nýrri lántöku.

Árangurinn má sjá í því að lántaka sveitarfélagsins fór úr því að vera 3,7 milljarðar árið 2023 í 1,3 milljarða á þessu ári, 2024. Við munum halda áfram á þeirri braut að takmarka lántöku sveitarfélagsins. Við höldum áfram að leita leiða til að bæta reksturinn til að sveitarfélagið geti staðið undir góðri þjónustu við íbúa á öllum aldri. Til þess erum við kosin og meðal aðgerða verður frekari hagræðing innan sveitarfélagsins.

Á mynd 2 sést hvernig rekstur sveitarfélagsins hefur þróast undanfarin ár. Hallarekstur með skuldaföfnun sem náði hámarki árið 2022 en nú hefur verið snúið af þeirri braut, þrátt fyrir snúið efnahagslegt umhverfi. Í samræmi við samþykktar fjárhagsáætlanir og áætlaða afkomu ársins 2024 þá náum við rekstrinum á réttan stað og með því skapast tækifæri til lækunar á álagningu. En allt tekur þetta tíma.

## Tímabundið álag á útsvarið

Hluti af endurskipulagningu reksturs sveitarfélagsins „Brú til betri vegar“ var að gera samkomulag við Innviðaráðuneytið um aðstoð eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og höfum við átt samstarf við nefndina um aðgerðir.

Verkefninu er ekki lokið en ein af þeim aðgerðum sem nefndin lagði upp með var að sett yrði sérstakt tímabundið álag á útsvarið sem heimilt er skv. lögum. Taldi nefndin að það yrði að vera að lágmarki 1,474 prósentustig, til að hámarki tveggja ára.

Samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 var staðfest í bæjarstjórn að leggja á


þetta aukna álag á útsvar sem þó kemur ekki til greiðslu hjá skattgreiðendum fyrir en við uppgjör skattframtals í júní 2025. Leggst það á í hlutfalli við tekjur og sem dæmi leggjast tæpar 177 þúsund krónur í heildina yfir árið á þann sem hefur 1 milljón krónur í mánaðartekjur.

Ég legg áherslu á að íbúar séu bæði upplýstir um álagið og for-

sendur þeirra erfiðu ákvarðana sem bæjarstjórn þarf að taka til að mæta þeirri stöðu sem við erum í.

Ég er nokkuð viss um að það sé ekkert sérstakt áhugamál neins bæjarfulltrúa að hækka álögur á íbúa. Slíkt gengur beinlínis gegn hugsjónum okkar Sjálfstæðismanna. Við horfumst hins vegar í augu við vandann

og tökum á honum með þeim hætti sem dugar. Þetta eru tímabundnar aðgerðir, þær eru að skila okkur árangri og við sjáum fyrir endann á erfiðu tímabili. Við höldum okkur við planið sem lagt var upp með í upphafi kjörtímabilsins og í ljósi þess árangurs sem við nú sjáum trúi ég því að í sameiningu klárum við verkefnið.



## Mikil gróska í félagsstarfi Suðurlandsdeildar Ferðaklúbbsins 4x4



Núna í september var haldinn fjölmennur félagsfundur í Þorlákshöfn þegar fyrirtækið Ísfell var heimsótt. Á því kvöldi var farið yfir það hvernig heppilegast er að bera sig að við að losa og draga fasta bíla við mismunandi aðstæður til að reyna að koma í veg fyrir tjón á bílum og slys á fólki. Ísfell bauð upp á kennslu í að splæsa spotta og fékk fólk að spreya sig undir handleiðslu öflugra netagerðarmanna.

Helgina 6.-8. september var farið í árlega stikuferð

klúbbsins með Umhverfisnefndinni. Í stikuferðum eru fallnar stikur reistar við og nýjar settar í stað þeirra sem horfnar eru eða brotnar. Tilgangurinn með stikuninni er meðal annars að sporna við utanvegaakstri. Í þessum ferðum er einnig verið að laga villuslóða og með því er unnið að náttúruvernd því ekkert okkar er til í að sjá óvelkomin hjólför út fyrir veg. Settar voru niður 350 stikur í þessari ferð frá Kerlingarfjöllum að Setrunu, skála F4x4 sem staðsettur er sunnan við Hofsjökul.



## Vetrarstarf Karlakórs Selfoss að hefjast

Vetrarstarf Karlakórs Selfoss er að hefjast núna þegar haustar að, eftir frekar lítilfjórlegt sumar. Aðalfundur kórsins var haldinn 19. ágúst sl. og þar var kjörin stjórn en hana skipa: Unnar Steinn Guðmundsson formaður, Þórir Haraldsson gjaldkeri, Einar Hermundsson, Björgvin R. Snorrason, Jóhann Pétur Jóhannsson ritari og Jóhannes Hr. Símonarson. Sumarið var ekkert til að hrópa húrra fyrir og til þess að bæta okkur það upp, mun kórinn leggja enn meiri metnað í vetrarstarfið, og þá sérstaklega vegna þess að 2. mars nk. eru 60 ár síðan Karlakór Selfoss var stofnaður.

### Norrænn samhljómur

Fyrsta verkefni þessa starfsárs eru tónleikar í Skálholtskirkju sunnudaginn 13. október, þar sem við syngjum með einum virtasta karlakór Svíþjóðar, Karlakór Stokkhólms. Eru unnendur karla-

kórasöngs hvattir til að mæta í Skálholt þennan sunnudag.

Strax að afloknum tónleikum með Karlakór Stokkhólms verður haldið kynningarkvöld, mánudaginn 14. október kl. 20:00, þar verður starfsemi komandi vetrar kynnt og nýir söngmenn boðnir velkomnir, og síðan hefjast reglubundnar æfingar vetrarins mánudagskvöldið 21. okt. kl. 19:30 í félagsheimili kórsins að Eyravegi 57.

### 60 ára afmæli

Komandi starfsár er það 60. í sögu kórsins, stofnaður 1965.

Mörg spennandi og skemmtileg verkefni eru framundan og söngskrá vetrarins (bestu löggin í 60 ár) verður kynnt á fyrstu æfingunni, en æft verður einu sinni í viku, á mánudagskvöldum kl. 19:30-22:00.

Fastir punktar í vetrarstarfinu eru jólatónleikar sem haldnir verða í Selfoskirkju 17.

desember og Skálholtskirkju 9. desember. Þá eru vortónleikar kórsins áformaðir í Selfoskirkju samkvæmt venju á sumardaginn fyrsta, 24. apríl 2025 og 29. Apríl. Svo verður sungið í Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 1. maí og lokatónleikar verða svo í Skálholtskirkju laugardaginn 3. maí 2025.

Ýmsar hugmyndir eru uppi um sérstaka viðburði vegna afmælisársins, sem verða kynntir síðar á starfsárinu

Um og yfir 60 söngmenn hafa starfað með kórnum undanfarin ár og stjórnandi Karlakórs Selfoss er eins og undanfarin tíu ár, Skarphéðinn Þór Hjartarson og píanóleikari er Jón Bjarnason, sem starfað hefur með kórnum í 15 ár.

Nýir félagar eru sérstaklega boðnir velkomnir og eldri söngmenn eru hvattir til að mæta.

VBr.



## Nóg um að vera í Karlakór Hveragerðis

Það er mikið um að vera hjá Karlakór Hveragerðis um þessar mundir því kórinn mun standa fyrir hausttónleikum í Hveragerðiskirkju laugardaginn 19. október klukkan 16:00. Jónas Sig. kemur fram með kórnum. Tveimur dögum eftir tónleikana munu kórfélagar og makar fara í söngferðalag til Ítalíu. Kórinn er nú á sínu áttunda starfsári en að jafnaði syngja á milli 35 og 40 karlar með kórnum á öllum aldri. Örylgur Atli Guðmundsson hefur verið stjórnandi kórsins frá upphafi og hefur honum tekist einstaklega vel að skapa skemmtilega stemningu í kórnum með hressilegum lögum þar sem leikrænir tilburðir kórfélaga koma oft við sögu við mikla hrifningu tónleikagesta. Jólatónleikar eru fyrirhugaðir í Hveragerðiskirkju þann 7. desember



þar sem kórinn mun koma við sögu ásamt fleira tónlistarfólki úr Hveragerði. Einnig stefnir kórinn á að standa fyrir hagröðingakvöldi 18. janúar næstkomandi svo eitthvað sé nefnt. Nýir félagar eru alltaf velkomnir í kórinn en kórinn er með Facebook síðu þar sem hægt er að forvitnast um kórinn og senda

skilaboð ef svo ber undir. En nú eru það hausttónleikarnir 19. október, eitthvað sem enginn má missa af þegar gleði og söngur er annars vegar.

F.h. Karlakórs Hveragerðis  
Sigurður Birgir Sæmundsson,  
formaður



## Sendibílar á Suðurlandi

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónustu**  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - [keysra@keysra.is](mailto:keysra@keysra.is) - [www.keysra.is](http://www.keysra.is) - [f /keysra](https://www.facebook.com/keysra)

## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er niðurstaða sveitarstjórnar kynnt vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra**

### Tjaldsvæði Hvolsvallar - óveruleg breyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að leiðrétta afmörkun tjaldsvæðis innan þéttbýlis á Hvolsvelli. Stærð tjaldsvæðis (AF55) stækkar lítillega og opin svæði (OP3) fara úr 15,6 í 13,7 ha að stærð.

**Samkvæmt 31. gr. og 41. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra ásamt deiliskipulagstillögu.**

### Austurvegur 19 - breyting á deiliskipulagi

Deiliskipulagstillagan að Austurvegi 19 heimilar þriggja hæða hótélbyggingu með allt að 7,5 m mænishæð og allt að 3592,6 m<sup>2</sup> byggingu á 15.620 m<sup>2</sup> lóð. Áætlaður fjöldi gistirýma er allt að 180 gesti. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins er varðar stækkun á miðbæjarsvæði Hvolsvallar skv. 41. gr. skipulagsreglugerðar nr. 123/2010.

### Miðbæjarsvæði Hvolsvallar - breyting á aðalskipulagi

Lýsingin gerir ráð fyrir að miðbæjarsvæði Hvolsvallar M1 stækkar um 2 ha til norðvesturs vegna framtíðaráforma á svæðinu ásamt því að íbúðafjöldi á M3 fer úr 70 í 120.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 27. september 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 8. nóvember 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs  
Rangárþings eystra



## ÞJÓNUSTA



**Daglegar ferðir**  
SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND



**KJARNABÓKHALD**

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

**Ráð í rekstri !**

## Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

## ÝMISLEGT

### GEYMSLA FYRIR BÚSLÓÐ

Vantar góða upphitaða  
geymslu fyrir búslóð næstu  
fjóra til fimm mánuði.  
Hjördís Inga 868 0999.

## FÉLAGSSTÖRF



### SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn  
3. október kl. 13:00-14:30

### OPIÐ HÚS

Fim. 3. okt. kl. 14:45  
**Konurnar á Eyrarbakka.**  
**Jónína Óskarsdóttir**

Kaffi 200 kr.

Kaffi og kökur 1500 kr.

## FUNDIR



**Krabbameinsfélagið**

### OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14  
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16  
Unga fólk 18 til 50 ára

Miðvikudaga kl. 11-14a  
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14  
Þrjónahópur byrjar í sept.

Föstudaga kl. 11-14  
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í  
annan tíma ef þessir tíma  
hentar ekki.

Allir viðburðir auglýstir á  
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

### Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í  
Hrúsholti 8. Nýliðafundur kl.  
20:00. Fundur kl. 20:30.

### Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrúsholti 8, Selfossi.

### AA

Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrúsholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

### Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.  
Poniedziałek i czwartek i sobota  
godzina 19:00. Hrúsholt 8 - 800  
Selfoss.

### AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

### AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815  
Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

### OA

Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters anonymous alla  
þriðjudaga kl. 19 Hrúsholti 8.

### CoDA

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrúsholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**CoDA-fundur / Meðvirkni**  
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,  
Þorlákshöfn  
Miðvikudaga kl. 19:30.

### Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, efrí  
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## KIRKJUR

### Skálholtsprestakall

1) Messa kl. 11 sunnudaginn 6.  
október í Skálholtsdómkirkju -  
fyrsta sunnudag í Orgóber!  
Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir  
sóknarprestur og Bergþóra  
Ragnarsdóttir djákni þjóna, Jón  
Bjarnason dómorganisti leikur á  
orgel en mánuðurinn er sérstak-  
lega tileinkaður hinu göfuga  
hjöldfæri orgelinu. Sögustund  
fyrir börn á öllum aldri, a lit-  
borðið á sínum stað.  
Fermingarbörn og foreldrar sér-  
lega velkomin!

2) Upphaf fermingarstarfs-  
ins laugardaginn 5. október kl.  
10 í Gestastofu Skálholtsstaðar.  
Fermingarbörn vorsins og for-  
ráðamenn boðin velkomin og  
starfið í vetur kynnt.

### Hrunakirkja:

Guðsþjónusta kl. 11.  
Kirkjukórinn syngur undir stjórn  
Eyrúnar Jónasdóttur. Verið öll  
hjartanlega velkomin!  
Sóknarprestur

### Stóra-Núpskirkja:

Eyjamessa kl. 13. Sr. Viðar  
Stefánsson, Gnúpverji og prestur  
í Vestmannaeyjum, prédikar  
og þjónar fyrir altari ásamt  
sóknarpresti. Kirkjukór  
Landakirkju syngur ásamt  
stjórnanda sínum, Kitty Kovács.  
Verið öll hjartanlega velkomin.  
Sóknarprestur

### Hveragerðiskirkja:

fjölskylduguðsþjónusta kl.11.  
Barnakór kirkjunnar syngur,  
biblíusaga og mikill söngur. Sr.  
Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar.

### Stokkseyrarkirkja

Messa sunnudaginn 6. október  
kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur,  
organisti Haukur Arnarr  
Gíslason, prestur Guðbjörg  
Arnardóttir.  
Messukaffi í safnaðarheimilinu  
eftir messuna.

### Villingaholtskirkja

Þjóðbúningamessa sunnudag-  
inn 6. október kl. 14:00.  
Kirkjukórinn syngur, organisti  
Guðmundur Eiríksson, prestur  
Guðbjörg Arnardóttir.  
Kirkjugestir eru hvattir til að  
koma í þjóðbúningum til mess-  
unnar. Eftir messuna verður  
kirkjukaffi eða pálnubod í  
þjórsárveri.

### Selfosskirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 6.  
október kl. 20:00. Félagar í  
Kirkjukór Selfosskirkju annast  
tónlistina sem verður með  
óhefðbundnum hætti, gítarleik-  
ur, létt dægurlög og sálmar.  
Organisti Edit A. Molnár.  
Prestur Guðbjörg Arnardóttir.  
Sunnudagaskólinn á sínum stað  
kl. 11:00, umsjón Sjófn og leið-  
togar.  
Kyrndarbæn á þriðjudögum kl.  
12:00, morgunbæn á miðviku-  
dögum kl. 10:00. Upplýsingar  
um barnastarf og annað safnað-  
arstarf inn á selfosskirkja.is

### Stórolfshvolskirkja

Guðsþjónustuna kl 11 í  
Stórolfshvolskirkju þar sem  
Guðjón Halldór Óskarsson  
spilar á orgelið og kirkjukórinn  
leiðir söng. Prestur er Axel Á  
Njarðvík. Fermingarbörn ásamt  
foreldrum sérstakleg boðuð þar  
sem farið verður lítils háttar í  
það sem messuliðir ættu að  
virkja í sálarlífinu. Verið öll vel-  
komin.

# Félagi eldri borgara á Selfossi færð gjöf

Kvenfélag Selfoss afhenti Fé-  
lagi eldri borgara á Selfossi  
gjafabréf að upphæð 315.000 kr.  
á opnu húsi fimmtudaginn 19.  
september sl. Þessum peningum  
hefur verið varið til kaupa á  
fullkomnu hjartastuðtæki sem  
FebSel mun hafa tiltækt á við-

burðum og í ferðalögum á  
vegum félagsins. Gott samstarf  
hefur verið með þessum félög-  
um undanfarin misseri þar sem  
kvenfélagið hefur annast kaffi-  
veitingar í opnum húsum hjá  
FebSel. Gjöf þessi er kærkomin.



Frá v. Magnús J. Magnússon form. FebSel, Jörunn Helena Jónsdóttir for-  
maður Kvenfélags Selfoss, Birna Sværisdóttir gjaldkeri kvenfélagsins og  
Guðný Sölvadóttir í kaffinefnd kvenfélagsins.

## Gullspor - Greiningardagur á Byggðasafni Árnesinga



Er allt gull sem glóir? Sunnu-  
daginn 6. október býðst fólki  
að koma með gull- og silfurgrípi  
úr einkaeigu til Byggðasafns  
Árnesinga þar sem sérfræðingar  
rýna í djásnin. Greiningardagur-  
inn verður haldinn kl. 14-16 í  
fyrirlestrasal Varðveisluhúss  
byggðasafnsins á Búðarstíg 22  
á Eyrarbakka. Þessi opni við-  
burður er sniðinn að fyrirmynd  
greiningardaga á Þjóðminja-  
safni Íslands sem hafa um árabil  
notið vinsældu.

Þeir sérfræðingar sem taka á

móti fólki þennan dag verða:

Halla Bogadóttir, gullsmiður,  
Lilja Árnadóttir, fyrrum sér-  
fræðingur við Þjóðminjasafn Ís-  
lands, Bogi Karlsson, úrsmiður,  
Ásgeir Reynisson, gullsmiður  
og Birgir D. Ingibergsson, gull-  
smiðanemi.

Greiningardagurinn er hluti  
af menningardagskránni Gull-  
spor og sýning undir því nafni er  
í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka  
á Tungötu 59. Sýningin fjallar  
um handverk gull- og silfur-  
smiða úr Árnæssýslu. Frír að-  
gangur er á þá sýningu eins og  
á safnið allt í tilefni Menningar-  
mánaðarins október í Árborg.

Hvatinn að Gullsporun kemur  
frá félagsmönnum Félags ís-  
lenskra gullsmiða sem fagna nú  
100 ára afmæli og nýtur safnið  
góðs af samstarfi við félagið.

Safnasjóður styrkir verk-  
efnið.

## FUNDIR

### Vöflukaffi

Það verður ekki vöflukaffi  
hjá okkur 5. október en við  
hvetjum fólk til að mæta á  
kótiletukvöldið.  
Famsókn í Árborg





# VIÐ ERUM FRAMÚRSKARANDI!



Samkvæmt nýjustu rannsóknum Brandr vísitölunnar þá skorum við frammúrskarandi í samanburði við íslensk fyrirtæki m.a. í þessum þáttum:

- **Reynslumikil á sínu sviði**
- **Gæða þjónusta**
- **Áreiðanleiki**
- **Græn þjónusta**



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límniðar



Stimplar

Lyngháls 1, 110 Rvk ☎ 5 600 600  
Eyravegi 25, 800 Selfoss ☎ 482 1944  
Glerárgötu 28, 600 Akureyri ☎ 4 600 700

prentmetoddi.is







Ljósmynd: Sara Dröfn.

## Fullt hús á frumsýningu Ávaxtakörfunnar

Ávaxtakarfan var frumsýnd fyrir fullu húsi í Leikfélaginu í Hveragerði um liðna helgi. Mikil ánægja var meðal áhorfenda. „Ég ætla að taka stórt upp í mig og segja að ég þurfti stundum að klípa mig og spyrja í hljóði; er ég í atvinnuleikhúsi eða hvað?“ segir Hjörtur Benediktsson, áhorfandi, á Facebook-síðu sinni um sýninguna.

Gunnar Gunnsteinsson leikstýrði verkinu og Andrea Gylfadóttir sá um söngþjálfun. Þau létu sig ekki vanta á frumsýn-

ingu. Bæjarstjóri Hveragerðis-bæjar, Pétur M. Markan, mætti einnig og færði leikstjóranum blóm að sýningu lokinni. Eftir sýningu voru myndatökur með leikurum fyrir þau sem vildu.

Ávaxtakarfan hefur lengi vel verið vinsælasta barnaleikrit sem Íslendingar eiga. Hún tekur á mikilvægum boðskap sem er einelti og fordómar. Mæja jarðarber er lögd í einelti af hinum í körfunni af því hún er ekki eins og þau. Henni er ætlað að þrifa, taka til og þjóna hinum. Immi

ananas er völdugasti ávöxturinn og ætlar að krýna sjálfan sig konung. Allt breytist þegar Gedda gulrót kemur í körfunna og varpar ljósi á það að það skipti engu máli hvernig maður sé á litinn eða í laginu.

Miðasala fer vel af stað en hún fer fram á tix.is. Sýningar verða á laugardögum og sunnudögum í vetur. Fyrirspurnir og hópapantanir fara fram á leikhver@gmail.com.

EHJ

## Fiskverslun Suðurlands 35 ára



Fiskverslun Suðurlands hefur þjónað Selfyssingum og öllu Suðurlandi frá árinu 1989. Í ár fagnar verslunin 35 ára afmæli.

Í september var haldið upp á afmælið með veitingum fyrir gesti og gangandi og alls konar tilboðum. Nú býður verslunin alltaf upp á 10% afslátt af öllu

í fiskborði á fimmtudögum. Einblínt er á það að vera með góða fiskrétti sem hægt er að setja beint í ofninn en einnig hefðbundinn fisk í soðið, gellur, kinnar, saltfisk og fleira. Verslunin tekur vel á móti öllum á Eyravegi 59.

**PÚLSINN**

Raf &amp; kæliþjónusta

**Kæli & Frystikerfi**  
Viðgerðir · Þjónusta  
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



Bílasprautun · Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti

**Bilverk BA**

Þar sem  
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424  
bilverkba.is

BRAGA AF VINÁTTU!

Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi

**FROST**

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**800**

LAGNIR

**ALHLIÐA  
PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
800lagnir@800lagnir.is

**HP**

**HREINGERINGA-  
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar  
Steintappahreinsun, teppahreinsun,  
bón, gluggahreinsun o.fl.

Sími 897 8444

*Freint um allt Suðurland*

**Lagnþjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**HEYRN**

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600  
www.heyrn.is

**NÝTT**

**Vinnuvélanámskeið  
á netinu!**

www.vinnuvelaskolin.is

**STÍFLULOSUN**  
SUÐURLANDS

Lagnamyndun  
Rótarhreinsun  
Stíflulosun  
Lagnafóðrun

**Sími 510 1180**  
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

**Sprettur**  
ÁBURÐUR

**Skeljungur**  
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri  
GSM: 840 3009

**Ökukennsla**

Kristinn M. Bárðarson  
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /  
Sjálfskiptur bíll**

**VÉLSMÍÐJA  
SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

*Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmíði*

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980